

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 1. desember 1995****um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ljósaperur fyrir eina peruhöldu(*)****(Texti sem varðar EES)****(95/533/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að ákveða beri skilyrði fyrir veitingu umhverfismerkis bandalagsins fyrir hvern vöruflokk.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að meta beri áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir vöruflokka.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sérstökum samráðsfundum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggimar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Vöruflokkurinn „ljósaperur fyrir eina peruhöldu“ er skilgreindur þannig:

„Allar ljósaperur til almennra nota við lýsingu sem hafa einn sökkul, lássökkul eða sökkul með skrúfgangi eða tindafestingu. Perurnar verður að vera hægt að tengja við opinbert rafveitukerfi og þær verða að vera á boðstólum fyrir almenning.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif og notagildi vöruflokksins sem er skilgreindur í 1. gr. með hliðsjón af þeim sérstöku vistfræði- og notagildisviðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanimar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „008“ notað fyrir vöruflokkinn.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. desember 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 302, 15. 12. 1995, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/96 frá 5. júní 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

A. VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

Til að ljósapera geti fengið umhverfismerki þarf að virða allar þær viðmiðanir sem eru tilgreindar hér á eftir.

Viðmiðun nr. 1: **Orkunýtni**

Viðmiðunin er sett með tilliti til orkuinntaks í vöttum.

Lýsingin sem þera gefur frá sér verður að vera jafn mikil eða meiri en hér er tilgreint:

Vött	Lýsingargeta(*)
< 10 W	40 lúmen/vött
10-18 W	45 lúmen/vött
> 18 W	55 lúmen/vött

(*) Mælt samkvæmt CIE (Commission Internationale d'Eclairage) 84, 1989.

Viðmiðun nr. 2: **Kvikasilfur**

Lampar mega ekki innihalda meira en 10 mg af kvikasilfri á hvern lampa og ekki meira en 1,4 mg af kvikasilfri miðað við megalúmenstund lýsingar.

Kvikasilfursmagnið skal metið með aðferðinni sem er lýst í viðbætinum við þessa ákvörðun.

Viðmiðun nr. 3: **Umbúðir⁽¹⁾**

Ekki má nota samlímt og samsett plast. Allar pappaumbúðir skulu innihalda minnst 65% af endurunnu efni (miðað við þyngd).

B. NOTAGILDISVIÐMIÐANIR

Viðmiðun nr. 4: **Vöruupplýsingar**

i) *Notkun við lágt hitastig*

Perur sem virka ekki af fullum styrk við lágt hitastig skulu merktar sérstaklega þannig að fram komi að þær henti ekki til nota utandyra við hitastig undir 0°C.

ii) *Deyfirofar*

Perur sem ekki er hægt að nota í tengslum við deyfirofa skulu merktar sem slíkar.

iii) *Stærð og lögun*

Nota skal skýringarmynd til að sýna hlutfallslega stærð og lögun samþjappaðrar flúrperu miðað við venjulega ljósaperu.

iv) *Förgun*

Með upplýsingum (í formi skýringarmyndar eða með öðrum hætti) á umbúðunum skal vakin athygli á því hvaða aðferð við förgun er hentugust.

(1) Hér er um tímabundna viðmiðun að ræða sem gildir uns almennar viðmiðunarreglur hafa verið settar um umbúðaþáttinn í viðmiðunum vegna umhverfismerkinga.

Viðmiðun nr. 5: Endingartími

Áætlaður endingartími skal vera $\geq 8\,000$ klukkustundir.

IEC 64, IEC 357, IEC 901 og IEC 969 prófanir skulu gilda eftir því sem við á um gerð viðkomandi ljósapera. Hafi endingarprófun ekki farið fram, gildir sá notkunartími sem framleiðandi gefur upp á umbúðunum, uns niðurstaða úr prófuninni er fengin, um perur sem falla undir IEC 969. Niðurstaðan úr IEC 969 endingarprófuninni skal tilkynnt þar til bærrí stofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir, og hvernig sem atvikast vill eigi síðar en 18 mánuðum eftir þann dag sem umsókn um merkið er send inn.

Viðbætur**AÐFERÐ TIL AÐ META KVIKASILFURSMAGN**

Byrjað er á því að aðskilja bogapípuna frá plastinu í kring og tilheyrandi rafbúnaði. Síðan er skorið á tengiþræðina eins nálægt glerinu og hægt er. Bogapípunni er komið fyrir í hæfilega stórrí og rammgerðri plastflösku með skrúfuðum tappa og í hana er sett postulínskúla, sem er 1 þumlungur að þvermáli, ásamt 25 ml af hreinni óblandaðri saltþéturssýru (70%). Flaskan er innsigluð og hún hrist í nokkrar mínútur til að bogapípan kvarnist í fíngerðar agnir en tappinn er losaður annað veifið til að koma í veg fyrir að yfirþrýstingur myndist. Innihald flöskunnar er látið hvarfast í 30 mínútur en á meðan er innihaldið hrist annað veifið.

Innihald flöskunnar er síðan síað gegnum sýruþolinn síupappír og því komið fyrir í 100 ml kvarðaðri mæliflösku. Kalíumdíkrómati er síðan bætt við í flöskuna þannig að endanlegur styrkur verði 1 000 ppm (milljónarhlutar) hvað króm varðar. Mæliflaskan er síðan fyllt upp að kvarðamerkinu með hreinu vatni.

Sambærilegir staðlar eru útbúnir fyrir styrk á bilinu allt að 200 ppm (milljónarhlutar) kvikasilfur. Lausnirnar eru greindar með því að nota logafrumeindagleygni (Flame Atomic Absorption) við bylgjulengdina 253,7 nm með bakgrunnsleiðréttingu. Unnt er að reikna út upprunalegt kvikasilfursmagn ljósaperunnar út frá þeim niðurstöðum sem fást og vitneskju um rúmmál lausnarinnar.

Þar til bærrí stofnun er heimilt að gera lagfæringar á einstökum þáttum prófunaraðferðarinnar reynist þær nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum.